

**Nd.**

**486. Lög**

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl).

**1. gr.**

Á eftir orðunum „5 fulltrúum“ í fyrstu málsg. 3. gr. l. nr. 19 23. júní 1932 (6. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911) komi: og 5 varafulltrúum.

**2. gr.**

Aftan við 10. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911 bætist:

Gjöld þessi hafa forgangsrétt samkvæmt 83. gr. b. 3. skiptalaganna, og eru skipagjöldin auk þess tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í eitt ár fyrir sammingsveði í skipinu.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.